

**9. gr.**

Kostnaður vegna starfa stjórnar er greiddur úr sjóðnum.

**10. gr.**

Ef nauðsyn krefur setur stjórnin sér starfsreglur er hafa að geyma nánari fyriræli um starfsemi sjóðsins.

**11. gr.**

Skipulagsskrá þessari má breyta í samráði við forsætisráðuneytið.

**12. gr.**

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Nr. 280.

2. júní 1975.

**AUGLÝSING**

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á grundvallarverði á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi grundvallarverð á framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1975:

**5 × 5 lbs. í skel garndreginn.**

7—9	\$ 5.40	pr. lb.	Cif. U.S.A.
9—12	\$ 5.13	— — —	—
12—15	\$ 4.86	— — —	—
15—18	\$ 4.19	— — —	—
18—24	\$ 3.69	— — —	—
24—30	\$ 3.24	— — —	—
30—45	\$ 2.70	— — —	—

**5 × 3 kg. í skel með görn.**

7—15	Lire 2 300	pr. lb.	Cif. Milano.
10—20	— 2 300	— — —	—
15—30	— 1 710	— — —	—
20—35	— 1 710	— — —	—
30—40	— 1 250	— — —	—
30—45	— 1 250	— — —	—
35—60	— 975	— — —	—
45—60	— 975	— — —	—

Viðmiðunarverð er miðað við viðskiptagengi krónu gagnvart Bandaríkjadóllar (§ 1 = 151.20) og Lírur (Lír. 100 = 24.24) 23. maí 1975.

Verðbil verður 6%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun. Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. júní 1975.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Gylfi Þórðarson.*